

# Rafræn atkvæðagreiðsla vegna fulltrúaráðsfundar Stapa

- ✓ Einungis þeir sem eru á kjörskrá geta kosið. Á kjörskránni eru meðlimir í fulltrúaráði Stapa.
- ✓ Til þess að geta kosið með rafrænum hætti þurfa meðlimir fulltrúaráðs að hafa a) snjallsíma eða tölvu sem eru tengd internetinu og b) rafræn skilríki eða Íslykil.
- ✓ Fundarmenn fara á heimasíðu Stapa ([www.stapi.is](http://www.stapi.is)). Þar er að finna tengil á atkvæðagreiðslur fundarins.
  - Fulltrúar launamanna: <https://kjosa.vottun.is/Home/Meeting/262?lang=IS>
  - Fulltrúar atvinnurekenda: <https://kjosa.vottun.is/Home/Meeting/261?lang=IS>
- ✓ Á fundinum mun fundarstjóri einnig setja tengil á atkvæðagreiðslurnar inn í spjallrás fundarins, sem á sama hátt má smella á til að hefja kosningarferlið.
- ✓ Athugið að í sérhverri atkvæðagreiðslu má kjósa eins oft og hver vill, aðeins seinasta atkvæðið mun gilda.
- ✓ Þegar smellt er á tengilinn fyrir atkvæðagreiðslurnar opnast þessi innskráningargluggi sem eftir innskráningu opnar leið að atkvæðaseðli.

The screenshot shows the island.is website with two main sections: 'Rafræn skilríki' and 'Íslykill'.  
The 'Rafræn skilríki' section has fields for 'Skilríki í síma:' (with placeholder '7 stafa símanúmer, síminum óærestur') and 'Innskrá' (button).  
The 'Íslykill' section has fields for 'Kennitala:' (with placeholder 'Stafa inn kennitölu') and 'Íslykill:' (with placeholder 'Sláðu inn íslykill'). It also includes a 'Skilríki á korti:' section with 'Staðfesta' (button) and 'Mig vantar rafræn skilríki' (text).  
At the bottom, there are links for 'Islandic 426 5500 Island@island.is ENGLISH HJÁLP'.

- ✓ Hægt er að auðkenna sig/skrá sig inn til að greiða atkvæði með Íslykli eða rafrænum skilríkjum á farsíma eða snjallkorti.
  - Ef þú vilt auðkenna þig með rafrænum skilríkjum þá slærð þú inn GSM símanúmer þitt inn í svæðið „Símanúmer“. Að því loknu smellir þú á hnappinn „Innskrá“, þá koma boð í síma þinn þar sem þú ert beðin um að slá inn “pin” númer þitt. Ef þú ert á kjörskrá þá birtist kjörseðilinn.
    - Ef rafrænu skilríkin í símanum þínum eru óvirk má snúa sér til næsta bankaútibús til að fá skilríkin virku.
  - Ef þú vilt auðkenna þig með Íslykli þá slærð þú inn kennitölu þína inn í svæðið „Kennitala“ og Íslykilinn þinn inn í svæðið „Íslykill“. Að því loknu smellir þú á „Staðfesta“. Ef þú ert á kjörskrá þá birtist kjörseðilinn.
    - Ef þú ert ekki með virkan Íslykil má sækja nýjan Íslykil með því að smella á „Mig vantar Íslykil“.
    - Þá þarf að slá inn kennitölu og velja að senda lykil í heimabanka.

- Farðu inn á heimabankann þinn undir rafræn skjöl, þar er nýr Íslykill sennilega þrjú orð með punkti á milli.
  - Skrifaðu þennan Íslykil inn í ritvinnslu skjal (t.d. Word) því algengustu vandræðin eru innsláttarvilla þegar viðkomandi ætlar að skrá sig inn.
  - Veldu tengilinn fyrir kosninguna (sjá ofar), þegar innskráningarsíðan birtist sláðu inn kennitölu og afritaðu Íslykilinn þinn úr Word skjalinu og ýttu á „**Staðfesta**“.
  - Nú þarf þú að bú til nýjan Íslykil, hann þarf að vera 10 stafir gott að nota orð eða nafn með punkt á milli og tölustafi í restina (bara uppástunga), settu síðan inn GSM númer og netfang og ýttu svo á „Staðfesta“.
  - Eftir að þú ýttir á „Staðfesta“ ættir þú að sjá atkvæðaseðil.
- ✓ Að innskráningu lokinni birtist þessi biðskjár. **Bíðið hérna** eftir að fundarstjóri ræsir atkvæðagreiðslu. Þegar atkvæðagreiðslur eru ræstar birtist kjörseðill hérna. (ATH. gætið þess að ýta ekki á „refresh“ þar sem þá dettið þið af síðunni og þurfið að skrá ykkur inn að nýju)



**Fulltrúaráðsfundur Stapa 2024 - Launamenn**

Bíðið hérna eftir að fundarstjóri ræsir sérlíverja atkvæðagreiðslu (ekki uppfæra (e: refresh) skjáinn milli atkvæðagreiðslna). Þegar atkvæðagreiðslur eru ræstar birtist viðeigandi kjörseðill hérna allt að 20 sekúndur geta liðið áður en kjörseðill birtist.

© 2024 - Advania ehf.

- ✓ Eftir að fundarstjóri segir að atkvæðagreiðsla hafi verið ræst birtist þessi skjár:



**Fulltrúaráðsfundur Stapa 2024 - Launamenn**

**STAPI**  
ATKVÆDASEDILL  
fulltrúar launamanna

Samþykkir þú skjal 15 sem lagt var fram á fulltrúaráðsfundi Stapa

**Já**     **Nei**     **Tek ekki afstöðu**

Kjóla

© 2024 - Advania ehf.

ATH: *Eftir að fundarstjóri segir að atkvæðagreiðsla hafi verið ræst geta liðið allt að 20 sekúndur þar til atkvæðaseðillinn birtist*

- Þegar atkvæðaseðillinn birtist, takið þið afstöðu og **ýtið svo á „Kjósa“ hnappinn**.
  - Atkvæðið hefur komist til skila þegar atkvæðaseðillinn hverfur og biðsíðan birtist aftur.
- ✓ Fundarmaður sem telur sig eiga atkvæðisrétt en er ekki inni á kjörskrá getur haft samband við skrifstofu Stapa, netfang: [fjarmal@stapi.is](mailto:fjarmal@stapi.is) eða hringt í síma 620-4700.